

Björgun ehf.
b.t. Lárusar Dags Pálssonar, forstjóra
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. apríl 2018
Tilvísun: OS2018030046/50.4.5
Verknúmer: 3340300

Efni: Vegna umsóknar um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Kollafirði við Faxaflóa


Með tölvupósti þann 27. mars sl. barst Orkustofnun umsókn Björgunar ehf., dags. 27. mars 2018, um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni í Kollafirði við Faxaflóa, vegna framtíðaráforma fyrirtækisins um töku malar og sands af hafsbotni í Kollafirði.

Á fundi með forsvarsmönnum Björgunar ehf., dags. 21. febrúar 2018, sem vísað er til í umsókn, var m.a. annars rætt um hvort fyrirtækið þyrfti að sækja um leyfi til leitar og rannsókna á mól og sandi af hafsbotni á núverandi nýtingarleyfissvæðum Björgunar ehf. í Kollafirði, ef að einhver þeirra yrðu að hluta til eða að öllu leyti innan umbeðinna leitar- og rannsóknasvæða. Orkustofnun hefur farið yfir ákvæði í nágildandi leyfum Björgunar ehf. í Kollafirði, þ.e. leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði: á Viðeyjarflaki, við Lundey, Þerney, Álfsnes og Saltvík, dags. 29. júní 2009, og leyfi til efnistöku af hafsbotni í Kollafirði: við Kjalar­nes, Leiruvog, Engey og Viðey, dags. 3. nóvember 2009. Framangreind leyfi voru gefin út af Orkustofnun til töku eða nýtingar á efni af hafsbotni eða úr honum, samkvæmt 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990. Í leyfunum eru því engin ákvæði um leit að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, samkvæmt 2. gr. framangreindra laga, eða ákvæði um skil á skýrslu með leitar- og rannsóknaniðurstöðum og skil á rafrænum mæligögnum.

Orkustofnun óskar því eftir að neðangreind viðbótargögn fylgi umsókn:

1. Sérhvert leitar- og rannsóknasvæði í Kollafirði verði afmarkað með hnitum, sem fram komi í umsókn.
2. Gerð verði grein fyrir vali á sérhverju leitar- og rannsóknasvæði í Kollafirði út frá jarðfræðilegum forsendum, og fyrri rannsóknum á sviði jarðfna í Kollafirði, sbr. t.d. skýrslu Kjartans Thors um jarðlagaskipan á Kollafjarðarsvæði: skýrslu um seismiskar endurvarpsmælingar sumarið 1983.
3. Kort af sérhverju leitar- og rannsóknasvæði í Kollafirði. Á kortunum verði einnig dýptarlínur og núverandi leyfissvæði Björgunar ehf. í Kollafirði.
4. Mörkum sérhvers leitar- og rannsóknasvæðis í Kollafirði verði bætt inn á meðfylgjandi yfirlitskort, ásamt dýptarlínunum.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Bryndís G. Róbertsdóttir
land- og jarðfræðingur



Raket Jensdóttir
lögfræðingur